

Föstudaginn 19. maí 1989.

Nr. 363/1987. **Eskey h/f**

(Guðmundur Markússon hrl.)

gegn

**hafnarstjórn Hafnar í Hornafirði**

(Gestur Jónsson hrl.)

og

**Hafnarmálastofnun ríkisins**

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.).

Skaðabætur. Sönnun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. desember 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 4. sama mánaðar. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu bóta, að fjárhæð 38.300,00 krónur, auk 21,5% ársvaxta frá 31. desember 1983 til 21. janúar 1984, en 15% frá þeim degi til 11. ágúst sama ár, 17% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí sama ár, 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 9% frá þeim degi til þingfestingardags 10. desember 1986, en dómvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987 og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt kefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Af hálfu Hafnarmálastofnunar er gerð varakrafa um lækkun bóta.

Hinn 3. mars 1983 skrifaði skipstjórinn á mb. Erlingi RE 65, svo-fellða skýrslu: „Atburðurinn skeði 17. janúar kl. 17.00. Nákvæm tjónlýsing: Þegar farið var frá bryggju, þegar búið var að taka línu-stampa um borð, tók báturinn niðri að aftan, og kom mikill skjálfti á hann. Var Sigurgeir Jónsson fenginn til að skoða skrifuna, en hann sá ekkert vegna óhreininda í höfninni. Síðan var Ingvaldur Ásgeirsson fenginn til að kafa í skrifuna 4.-2., og kom þá í ljós að hún er illa farin.“ Í skýrslu kafarans 4. febrúar 1983 segir: „Í

ljós kom að skemmdir voru á öllum blöðum, jaðrar öðrum megin og út til enda, þó nokkur skörð.“ Viðgerð á skráfunni fór fram í Tórshavnar Skipasmiðju í september 1983. Ekkert var skráð um þetta atvik í dagbók skipsins og ekki haldin sjópróf. Skipstjóri og kafari hafa ekki komið fyrir dóm í málinu. Þegar allt þetta er virt þykir ekki komin fram nægileg sönnun þess, að framangreindar skemmdir á skráfu skipsins stafi frá atvikinu 17. janúar 1983. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að rétt hefði verið að dæma mál þetta með sérfróðum samdómendum.

### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

### Dómur aukadómþings Austur-Skaftafellssýslu 13. maí 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. apríl sl., er höfðað með stefnu, út gefinni 17. nóvember 1986, af Andra Árnasyni hdl. fyrir hönd Eskeyjar hf., nnr. 2243-8107, Höfn í Hornafirði, á hendur Hallgrími Guðmundssyni sveitarstjóra, Höfn í Hornafirði, f.h. hafnarstjórnar, Höfn í Hornafirði, og Aðalsteini Júlíussyni hafnamálastjóra, Seljavegi 32, f.h. Hafnamálastofnunar ríkisins til greiðslu in solidum skuldar, að fjárhæð kr. 38.300,00, auk 21,5% ársvaxta frá 31.12. 1983 til 21.1. 1984, en með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11.8. 1984, en með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1. 1985, en 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11.5. 1985, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1986, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. 1986, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingar, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Varðandi málsástæður byggir stefnandi dómkröfur sínar á því að stefndu hafi með saknæmum og ólögætum hætti valdið tjóni á skráfu Erlings, SF 65, en hafnarstjórn hafi fengið Vita- og hafnamálastofnun til þess að dýpka í höfninni og upp gefið dýpi hafi verið 4,2 til 4,5 metrar, en reyndist við athugun vera 2,1 til 3,3 metrar, meðaltal um 2,3 metrar.

Upp gefið dýpi hefði átt að vera nægilegt fyrir stefnanda til að athafna sig við Miklagarðsbryggju, og skv. fundargerðum hafnarnefndar 2.2. 1983 átti dýpkun, sem var gerð í höfninni, að vera nægjanleg.

Stefndi Hallgrímur Guðmundsson, sveitarstjóri Hafnarhrepps, f.h. hafnarstjórnar Hafnar í Hornafirði krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að honum verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Stefndi hafnamálastjóri f.h. Hafnamálastofnunar ríkisins gerir þá kröfu aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og til dæmdur málskostnaður að mati réttarins, en til vara að kröfur stefnanda verði stórlæga lækkaðar og hann dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins.

Sáttatilaunir dómara hafa engan árangur borið.

### *Málavextir.*

Í stefnu er málavöxtum svo lýst, að 17. janúar 1983 hafi mótorskipið Erlingur, SF 65, tekið niðri í höfninni hér á Höfn við viðlegukant, sem er kallaður Miklagarðsbryggja, og hafði Hafnamálastofnun ríkisins gert viðlegukant þennan sumarið 1982.

Vélskipið Erlingur, SF 65, var að fara frá viðlegukantinum í línuróður, en beitingaskúr útgerðarinnar er þarna við kantinn. Þegar skipið var að fara frá, tók það niðri að aftan, og kom mikill skjálfti á það. Var þá Sigurgeir Jónsson fenginn til þess að skoða skrúfuna, en hann sá ekkert vegna óhreininda í höfninni. Síðan var Ingvaldur Ásgeirsson fenginn til þess að kafa í skrúfuna 4. febrúar 1983, og kom þá í ljós, að hún var illa farin, sbr. skýrslu Arnar Ragnarssonar í dskj. nr. 3, en þar segir: „Þegar farið var frá bryggju, þegar búið var að taka línustokkana um borð, tók bátinn niðri að aftan og kom mikill skjálfti á hann. Var Sigurgeir Jónsson fenginn til að skoða skrúfuna, en hann sá ekkert vegna óhreininda í höfninni. Síðan var Ingvaldur Ásgeirsson fenginn til að kafa í skrúfuna 4. febrúar 1983, og kom þá í ljós, að hún er illa farin.“

Skipstjóri Erlings, SF 65, hefur ekki komið fyrir dóminn vegna þessa máls.

Hinn 19. janúar 1983 varð mb. Freyr, SF 20, fyrir hnjaski í höfninni hér á Höfn og var Ingvaldur Ásgeirsson kafari fenginn til að athuga um tjón á því skipi.

Í skýrslu kafarans, sem er dagsett sama dag, segir m.a.: „Kafað var á fjöru. Er stokkið var út í þá lenti ég á botni, og við bryggju stóð höfuð upp úr.“

Þessu ber saman við það, sem fram kemur í yfirlýsingu Óskars Valdimarssonar hafnarstjóra í dómskjali nr. 8.

Ingvaldur Ásgeirsson kafari gerði skýrslu um skoðun sína á skrúfu Erlings, SF 65, sbr. dskj.nr. 35. Þar segir m.a.: „Í ljós kom, að skemmdir voru á öllum blöðum, jaðrar öðrum megin og út til enda, þó nokkur skörð.“

Skipinu var haldið til veiða um veturinn og sumarið 1983, en í september var gert við skráfu skipsins í Tórshavnar Skipasmiðju, og kostaði það kr. 44.020,00, en kostnaður við köfunina var kr. 4.678,00. Kostnaður vegna tjónsins var því samtals kr. 48.698,00, en af þeirri fjárhæð bar sóknaraðili sjálfsábyrgð, að upphæð kr. 38.300,00, sem er stefnufjárhæð í máli þessu.

Vitnið Gústaf Jónsson tæknifræðingur, starfsmaður Hafnamálastofnunar ríkisins, kom fyrir dóminn sem vitni í máli þessu og upplýsti, að mjög lítið efni hefði verið grabbað upp framan við þilið, sem rekið var niður við hafnarframkvæmdir þessar. Hefði tækjaskortur komið í veg fyrir, að unnt var að grabba meira en raun varð.

Sverrir Guðnason kom fyrir dóminn og gaf skýrslu sem aðili málsins, en hann var formaður hafnarstjórnar Hafnarhrepps á árunum 1982 og 1986. Hann skýrði svo frá að Vita- og hafnamálastofnun hefði séð um framkvæmdir við gerð hafnargarðsins og Grétar Bjarnason verkstjóri hjá stofnuninni stjórnað framkvæmdum og látið grabba um sumarið framan við þil Miklagarðsbryggju, og eftir að Vita- og hafnamálastofnunin fór með tæki sín af staðnum var lítið svo á að notkun mannvirkisins væri heimil, enda hefðu bæði hafnarstjóri og Vita- og hafnamálastofnun vitað, að bátar lögðust að garðinum.

Sverrir kvaðst kannast við að hafa heyrt að gröbbun hefði gengið illa sumarið 1982, en hann hefði einnig heyrt að Grétar verkstjóri hefði verið að mæla dýpi við kantinn og ekki annað komið fram en dýpið væri í lagi. Hins vegar hefði hann ekki skilað neinum upplýsingum um þetta atriði til hafnarstjórnar.

Sverrir fullyrti, að Vita- og hafnamálastofnun hefði átt að skila verkinu þannig að dýpið væri 4,20 - 4,50 metrar, sbr. dskj. nr. 10. Sverrir sagði að 4 - 5 bátar hefðu tekið niðri við viðlegukantinn á þessum tíma; hann muni hins vegar ekki hvaða bátar það voru, en hann hafi heyrt að bátar hefðu tekið niðri, en hafi ekki heyrt, hvaða tjón hefði orðið á hverjum báti.

Í greinargerð lögmanns stefndu Hafnamálastofnunar ríkisins kemur fram að Hafnamálastofnun sá um gerð Miklagarðsbryggju sumarið 1982 og þar fóru fram hafnarframkvæmdir með þeim hætti að grjótfyllingu var ekið í höfnina og síðan var stálþil rekið niður í fyllinguna og að því loknu steypur kantbiti og gengið frá stigum og friholtum.

Dýpkun við Miklagarðsbryggju hafi ekki verið hluti af framkvæmdum þessum, en reynt hafi verið eftir fremsta megni að ná upp því efni sem var framan við stálþilið eftir að það var rekið niður, en ekki hafi verið vitað um það nákvæmlega hversu mikið efni var um að ræða.

Þá kemur fram í greinargerðinni að Hafnamálastofnun hafi ekki mælt dýpið í höfninni fyrr en 6. apríl 1983 og engar yfirlýsingar gefið um dýpið í höfninni fyrir þann tíma. Þá segir í greinargerðinni: „Jafnframt er á því

byggt að allar hafnarframkvæmdir umbjóðanda míns, eins og þeim er lýst í málavaxtalýsingu hér að framan, hafi verið með forsvaranlegum og venjubundnum hætti, og því er mótmælt, að umbjóðandi minn viðurkenni nokkur mistök við þær framkvæmdir.“ Þá heldur lögmaður Vita- og hafnamálastofnunar því fram, að ósannað, sé að tjón hafi orði á skipinu við Miklagarðsbryggju 17. janúar 1983, en einnig sé ósannað, að skipið hafi tekið niðri í höfninni, og bendir á, að það er ekki fyrr en nokkru eftir 17. janúar 1983, að stefnandi fær kafara til að skoða skipið, þ.e. 4. febrúar 1983, og hafi þá komið í ljós, að skrófa skipsins var illa farin, eins og segir í dskj. nr. 3, þ.e. skýrslu skipstjóra. Telur lögmaður Hafnamálastofnunar að þessi lýsing sé engin sönnun um tjón, orsök þess, umfang né tíma. Þannig hafi tjónið getað orðið bæði fyrir og eftir 17. janúar 1983.

Varakröfu sína rökstyður lögmaður Hafnamálastofnunar með því að tjón kunni að hafa orðið meira en ella við það að skipið hélt áfram veiðum, einnig að sóknaraðili hafi tekið á sig áhættu þegar hann fór að nota hafnar-mannvirki, sem ekki var endanlega lokið við.

Í greinargerð lögmanns stefndu hafnarstjórnar Hafnar í Hornafirði kemur fram, að stefndi mótmælir því, að hafnarstjórn beri bótaábyrgð á skemmdum á skrófu skipsins, þar sem engar ótvíræðar sannanir hafi verið færðar fram fyrir því, að skemmdir þær, sem sagðar eru hafa komið fram á skrófunni, löngu eftir að skipið átti að hafa tekið niðri, stafi að öllu leyti, hluta eða að nokkru af því, að skipið hafi tekið niðri við hafnarkantinn í Hornafjarðarhöfn 17. janúar 1983. Engin úttekt eða mat hafi verið gert á skemmdum, eftir að skipið átti að hafa tekið niðri, og virðist skipstjóri ekki hafa gert þær ráðstafanir, sem með þurfti og hann hafi verið skyldur til, svo sem að láta taka skýrslu af atburðinum. Þá bendir lögmaðurinn á að Hafnamálastofnun hafi annast framkvæmdirnar við bryggjuna og haft yfirumsjón með þeim eins og 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/1973 gerir ráð fyrir. Hafnamálastofnun hafi skilað af sér verkinu, en ekki gengið betur frá en svo, að moka varð eitt þúsund tonnum af mól og grjóti frá hafnarkantinum til þess að ná dýpinu 4 - 4,50 metrum. Frá starfsmönnum Hafnamálastofnunar hafi ekkert komið fram annað, er þeir fóru á brott með tæki sín, en verkinu væri að fullu lokið.

### *Niðurstaða.*

Svo sem bent er á í greinargerðum lögmanns stefndu, er sönnun stefnanda í máli þessu áfátt, þar sem athugun fer ekki fram á skrófu skipsins fyrr en 18 dögum eftir að tjónsatburður átti að hafa gerst að áliti stefnanda. Verður því að telja, að athugun, gerð svo löngu eftir atvikið, geti ekki talist sönnun fyrir því, að skrófan hafi skemmst við Miklagarðsbryggju 17. janúar 1983 með þeim hætti, sem lýst er í skýrslu kafara í dómskjali nr.

35. Eðlilegra hefði verið, að skráfan hefði verið skoðuð, strax og atvikið varð eða í beinu framhaldi, af því að í ljós kom, að dýpið við viðlegukantinn, þ.e. Miklagarðsbryggju, var svo lítið, að valdið gæti tjóni á skipinu, sbr. dskj. nr. 4. Þykir því verða að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu. Hins vegar þykir með hliðsjón af framferði stefndu verða að fella málskostnað niður.

Páll Björnsson sýslumaður kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, hafnarstjórn Hafnar í Hornafirði og Hafnamálstofnun ríkisins, skulu vera sýknar af kröfum stefnanda, Eskeyjar hf., í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

---